

Reglur um gjaldtöku
norræna
umhverfismerkisins
Svansins

Norræna umhverfismerkið
18.maí 2016

Í nóvember árið 1989 gaf Norðurlandaráð út tilskipun um stofnun valfrjáls opinbers umhverfismerkis, norræna umhverfismerkisins, sem nefnist öðru nafni Svanurinn. Neðangreindar stofnanir sjá um rekstur norræna umhverfismerkisins í umboði stjórnvalda í hverju landi.

Fyrir nánari upplýsingar, leitið vinsamlega til eftirtalinnna vefsíðna:

Nordic Ecolabelling:

www.nordic-ecolabel.org

Danmörk:

Miljømærkning Danmark
Fonden Dansk Standard
Göteborg Plads 1
DK-2150 NORDHAVN
Tel: +45 72 300 450
www.ecolabel.dk
info@ecolabel.dk

Finnland:

Miljömärkning Finland
Box 489
FI-00101 HELSINGFORS
Tel: +358 9 6122 5000
www.ecolabel.fi
joutsen@ecolabel.fi

Ísland:

Norræn umhverfismerking á Íslandi
Umhverfisstofnun
Suðurlandsbraut 24
IS-108 REYKJAVÍK
Tel: +354 591 20 00
www.svanurinn.is
ust@ust.is

Noregur:

Miljømerking
Henrik Ibsens gate 20
NO-0255 OSLO
Tel: +47 24 14 46 00
www.ecolabel.no
info@ecolabel.no

Svíþjóð:

Miljömärkning Sverige AB
Box 38114
SE-110 64 STOCKHOLM
Tel: +46 8 55 55 24 00
www.ecolabel.se
info@ecolabel.se

Reglur um gjaldtöku norræna umhverfismerkisins

Efnisyfirlit

1.	Inngangur	4
2.	Umsóknargjald.....	4
3.	Úttektargjald.....	4
4.	Árgjald.....	4
5.	Gjald fyrir útvíkkun leyfis og breytingar	5
6.	Gjöld vegna uppsagnar eða lok gildistíma	5
7.	Önnur gjöld.....	5
8.	Breytingar á reglum þessum.....	6

1. Inngangur

Neðangreindar reglur um gjöld og gjalddöku gilda fyrir þau fyrirtæki sem sækja um leyfi, eru með leyfi til að nota norræna umhverfismerkið Svaninn, sækja um yfirferð fyrir samþykkt hráefni fyrir Svansmerktar vörur eða þau sem greiða fyrir skráningu vöru til yfirferðar. Reglurnar eru í samræmi við þær meginreglur sem lýst er í leiðbeiningum fyrir umhverfismerki sem Norræna ráðherranefndin hefur gefið út og voru samþykktar af framkvæmdarstjórn Svansins þann 18. Maí 2016. Gjaldskrá fyrir vottun vöru- og þjónustu er að finna á vefsíðu umhverfismerkisstofnunar tilheyrandi lands.

2. Umsóknargjald

Umsóknargjald greiðist af umsækjanda í tengslum við umsóknina. Ef umsókn fær ekki samþykki fæst umsóknargjald ekki endurgreitt. Umsóknargjaldið nær yfir venjulega afgreiðslu umsóknar þar sem komið er að málinu í mesta lagi þrisvar, þ.e.a.s. þegar umsókn berst og í tvö skipti vegna yfirferðar og úttektar fyrirbyggjandi gagna. Fyrir frekari vinnu við umsókn hefur umhverfismerkisstofnun leyfi til að gjaldfæra samkvæmt gildandi gjaldskrá.

3. Úttektargjald

Kostnaður fyrir eina úttekt á framleiðslustað á Norðurlöndum er innifalinn í umsóknargjaldinu. Ef þörf er á fleiri úttektum, t.d. á fleiri framleiðslustöðum, skal greiða úttektargjald. Úttektargjald greiðist einnig fyrir úttektir utan Norðurlanda.

Ef varan eða framleiðslan uppfyllir ekki skilyrði við úttekt eða við sannprófun gagna, hefur umhverfismerkisstofnun rétt til að gjaldfæra kostnað við úttekt og sannprófun.

4. Árgjald

Eftir að leyfi hefur verið veitt verður umsækjandi að greiða árgjald. Árgjaldið er greitt fyrir réttinn til að nota umhverfismerkið á norrænu markaðssvæði. Í Svíþjóð, Noregi, Danmörku og Finnlandi er árgjaldið greitt fyrir fram. Þar er það byggt á áætlaðri veltu umhverfismerktu vörunnar og er leiðrétt skv. raungögnum árið á eftir. Á Íslandi er árgjald áætlað á sama hátt en í stað áætlaðrar veltu er árgjaldið greitt skv. raunveltu fyrri árs, en sömu reglur gilda að öðru leyti um skil á gögnum vegna veltu og gjalddöku. Á Íslandi er gjalddöku byggð á sérstakri gjaldskrá fyrir norræna umhverfismerkið Svaninn sem er gefin út af Umhverfis- og auðlindaráðuneyti.

Senda verður upplýsingar um veltu, eins og krafist er af umhverfismerkisstofnun, án tafar í byrjun hvers nýs almanaksárs. Fyrir vissa vöru- og þjónustuflokka getur árgjaldið byggt á öðrum upplýsingum en veltu sem ákvarða þá árgjald vörunnar.

Ef upplýsingar um veltu hafa ekki borist þann 1. apríl hefur umhverfismerkisstofnun rétt á að skuldfæra áætlað árgjald, byggt á upplýsingum ársins á undan. Einnig þarf að greiða sekt sem nemur 1.500 evrum (eitt þúsund og fimm hundruð). Áætlað árgjald verður leiðrétt þegar raungögn berast, að undanþegnum sektum. Misbrestur á að afla upplýsinga um veltu eða að borga árgjaldið telst tilefni til afturköllunar leyfis.

Umhverfismerkisstofnun hefur rétt á að krefjast gagna til stuðnings uppgefinna upplýsinga um veltu umhverfismerktar vöru og til að ráðfæra sig við endurskoðendur leyfishafa. Upplýsingar um veltu síðustu fimm (5) ára kunna að vera skoðaðar og breytt af umhverfismerkisstofnuninni.

Fyrir flesta vöru- og þjónustuflokka er leyfið gilt í öllum löndum (sjá kafla 2.1.2 í *Reglum um umhverfivottun á vörum með norræna umhverfismerkinu Svaninum*). Fyrir leyfin gildir þá sameiginlegt

norrænt gjaldkerfi og leyfishafi skal greiða árgjald sem er yfirleitt byggt á veltu fyrir allan norræna markaðinn, þrátt fyrir að þriðji aðili beri ábyrgð á sölu vörunnar. Fyrirtæki sem hafa mörg leyfi í vöruflokkum sem eru hluti af sameiginlega norræna gjaldkerfinu eiga að borga að minnsta kosti lágmarksgjald fyrir hverja vöru/vöruflokk fyrir hvert leyfisland.

Fyrir aðra vöruflokkna er gjaldið byggt á veltunni í þeim löndum þar sem leyfishafinn hefur ákveðið að skrá umhverfismerktu vöruna.

Skráningarhafar greiða gjaldið í því landi þar sem skráningarvottorðið var gefið út.

Fyrir nýjar umsóknir sem eru samþykktar eftir 1.júlí gildir afsláttarregla fyrir fyrsta árið. Hámarks- eða lágmarksgjald og veltipunktur¹ margfaldast með *fjölda daga eftir á árinu* x2/365.

Sérreglur fyrir móðurfélög

Í norræna gjaldkerfinu er mögulegt fyrir móðurfélög að biðja fyrirfram um að Svanurinn leggi saman árgjaldsundirlagið frá öllum leyfum félagsins innan sama vöru- eða þjónustuflokks og reikni árgjald út frá því. Félagið ber ábyrgð á því að senda inn beiðni um slíkt áður en árgjaldskrafan er stofnuð. Breyting á kröfu eftir á (óháð sérreglunum) er hægt að gera á almanaksárinu ef greitt er gjald uppá 3.500 evrur (þrjú þúsund og fimm hundruð). Frekari breytingar/aðlaganir eru ekki gerðar. Skilyrði fyrir að sérreglan eigi við er að dótturfyrirtækin séu tekin með í reikningsskilum móðurfélagsins. Frekari skilyrði fyrir gjaldtöku sem móðurfélag eru að:

- Félagið hafi einungis einn opinberan tengilið við norræna umhverfismerkið Svaninn.
- Félagið skili öllum veltutölum um Svansmerktar vörur félagsins fyrir hvert leyfi sem er undir reikningsskilum félagsins í síðasta lagi 31.mars.
- Félagið skuldbindi sig að skila veltutölum sem hafa verið vottaðar af endurskoðanda yfir Svansmerktar vörur félagsins ef norræna umhverfismerkið Svanurinn krefst þess.

5. Gjald fyrir útvíkkun leyfis og breytingar

Leyfishafi sem vill breyta atriðum leyfis eða víkka út innihald þess verður að borga breytingargjald og hugsanlega leiðrétt árgjald fyrir vinnu umhverfismerkisstofnunar.

6. Gjöld vegna uppsagnar eða lok gildistíma

Strax og leyfi hefur runnið úr gildi eða því sagt upp er leyfishafa skilt að gera grein fyrir raunveltu fyrir Svansvottuðu vörunar á árinu sem leyfið rennur út/er sagt upp og fyrra ári ásamt verðmæti þeirra vöru sem til er á lager. Gjald skal greitt fyrir raunveltu undir gildistíma leyfisins ásamt söluvirði Svansvottaðra vara á lager, þrátt fyrir að leyfistíminn hafi runnið út. Norræna umhverfismerkið Svanurinn getur einnig krafist vottorðs frá endurskoðanda. Árgjald er áætlað út frá raunveltu og söluvirði vöru á lager. Ef leyfi er sagt upp, skal árgjald greitt á meðan á uppsagnarferlinu stendur.

Afsláttarregla fyrir árgjald á ekki við þegar um er að ræða uppsögn eða lok gildistíma.

7. Önnur gjöld

Norræna umhverfismerkið Svanurinn getur verið með gjöld fyrir yfirferð á hráefni í umhverfismerktar vörur og fyrir að skrá samþykktar vörur. Gjöld fyrir yfirferðir og skráningu má finna á vefsíðum umhverfismerkisstofnanna viðkomandi lands.

¹ Veltipunktur = sú upphæð þar sem hlutfallið af veltu sem árgjaldið er reiknað út frá breytist (sjá 3.gr. *Gjaldskrár fyrir norræna umhverfismerkið Svaninn (1210/2013)*).

8. Breytingar á reglum þessum

Norræna umhverfismerkið áskilur sér rétt til breytinga á reglum þessum. Allir leyfishafar og skráðir aðilar verða látnir vita skriflega af slíkum breytingum.